

## 79. stjórnarfundur haldinn 1. júlí 2014

Mætt: Hjalti Þór Vignisson, Eygló Kristjánsdóttir, Reynir Arnarson, Rósa Björk Halldórsdóttir, Sigrún Helgadóttir og Snorri Ingimarsson og einnig Þórður H. Ólafsson, framkvæmdastjóri. Böðvar Pétursson og Björn Ármann Ólafsson boðuðu forföll.

Fundur hófst kl. 10:00.

### 1. Fundur með sveitarstjórn Skaftárhrepps og Svæðisráði Vestursvæðis

Stjórn þjóðgarðsins hafði óskað eftir fundi með nýkjörinni sveitarstjórn Skaftárhrepps þar sem aðalumræðuefnið yrði áform um uppbyggingu Þekkingarseturs á Kirkjubæjarklaustri. Stjórn þjóðgarðsins hafði rætt málefnið á fundi sínum fyrr á árinu og var ákveðin í að áður en meira yrði gert væri mikilvægt að hitta sveitarstjórn að máli. Hjalti sagði að það væri skýrt að þjóðgarðurinn vildi vera með öfluga þjónustu í byggðinni á Kirkjubæjarklaustri, með að minnsta kosti tveimur heilsársstarfsmönnum þar sem upplýsingum yrði miðlað til ferðamanna og boðið upp á fræðslu um náttúru svæðisins og sögu þess.

Eva Harðardóttir, nýkjörinn oddviti Skaftárhrepps, lýsti því yfir fyrir hönd sveitarstjórnar að þegar hafi ný sveitarstjórn markað þá sýn að halda ætti áfram með verkefnið. Í framhaldi ræddu sveitarstjórnarmenn að mikilvægt væri að ná fram þeirri samlegð sem hlytist af samrekstri þeirra stofnana sem lýst hafa áhuga á að taka þátt í starfi þekkingarsetursins.

Sigrún Helgadóttir lýsti því yfir að mikilvægt væri að hafa heildaruppbyggingu innviða á svæðinu í huga og ekki láta eitt stórt verkefni draga alla athygli og fjármuni að sér. Mikilvægt væri að byggja upp gönguleiðir með því sem þeim tilheyrir, s.s. göngubrúm og skálum.

Eygló sagði mikilvægt að hafa hugfast að með þekkingarsetrinu væru dregnar saman margar litlar stofnanir sem gætu myndað sterka heild. Sagði víða verið unnið að uppbyggingu gönguleiða í sveitarfélaginu og undirstrikaði að slík verkefni myndu líka hljóta framgang.

Klukkan 11:00 komu Erla Geirharðsdóttir og Ólafía Jakobsdóttir úr svæðisráðinu til fundar. Greindi Ólafía frá samþykkt svæðisráðs á síðasta fundi þar sem áhersla væri á að afla málinu fylgis.

Í framhaldi var rætt um skynsamleg næstu skref. Á fundinum var sammælt um að verkefnisstjórnin sem sett hafði verið á laggirnar fyrir nokkrum misserum færi fyrir þessu verkefni áfram en henni yrði sett erindisbréf sem allir aðilar sem koma að þeirri stjórn myndu fjalla um formlega.

Stjórn lauk fundi sínum kl. 12:00 á Kirkjubæjarklaustri og hélt för sinni í Skaftafell.

## 2. Fundur með þjóðgarðsverði og svæðisráði suðursvæðis í Skaftafelli

Guðrún Ingimundardóttir, Sigurlaug Gissurardóttir, Björn Ingi Jónsson og Hildur Þórsdóttir mættu til fundar kl. 14:00.

Fyrir fundinum lá erindi Regínu til stjórnar VJP, dags. 17. júní 2014. Þar reifar Regína nokkur álitamál um framtíðaruppbyggingu og rekstur í Skaftafelli sem hún óskar að stjórn taki afstöðu til. Í erindinu spyr RH um hvert vægið eigi að vera á milli faglegrar upplýsingagjafar og landvörslu annars vegar og starfsemi til að afla garðinum sértekna hins vegar.

Fundurinn hófst á kynnisferð um svæðið. Fyrst var farið í þjónustumiðstöðina þar sem mikill fjöldi gesta var um alla byggingu, að skoða sýningar, í verslunarrými og í veitingasölu. Gengið var í gegnum eldhús sem var þröngt og geymslur og lagerrými nánast ekkert. Síðan var farið á tjaldsvæði og skoðað hvar verið er að undirbúa nýtt bílastæði.

Fundarmenn settust síðan niður og ræddu hugmyndir og álitamál. Hjalti rifjaði upp orð sem sögð voru á Klaustri um mikilvægi þess að hafa heilsársopnun á lykilstöðum þjóðgarðsins þar sem lögð væri áherslu á miðlun fróðleiks og upplýsingagjöf til ferðamanna.

Á fundinum var lögð mikil áhersla á að kjarnastarfsemi þjóðgarðsins, þ.e. landvarsla, miðlun fróðleiks og upplýsingagjöf til gesta, yrði ekki rutt úr vegi af sífelld umfangsmeiri verslunar- og veitingarekstri. Kom fram að húsnæðið er þegar orðið alltof lítið. Einnig lögð áhersla á að áður en farið yrði í einstakar breytingar á húsnæðinu yrði að liggja fyrir heildarmynd af því hvernig uppbyggingu mannvirkja og þjónustu yrði háttáð næstu ár. Leggja þyrfti áherslu á að nægur tími gæfist í landvörslu og faglegt starf á vegum þjóðgarðsins.

Í kjölfarið voru ýmsar hugmyndir ræddar. Til dæmis hvort nýta mætti flöt við þjónustusvæðið undir miðlun fróðleiks um svæðið (og rifjaðar upp hugmyndir um „kaldar gestastofur“ í því samhengi), skilja betur á milli veitinga- og verslunarrekstur annars vegar og upplýsingamiðlunar hins vegar í þjónustumiðstöðinni og einnig í fjárhagsáætlun og bókhaldi. Jafnframt rætt um að veitingareksturinn mætti ekki þróast þannig að hann ógnaði tilveru aðila í nærsamfélaginu sem eru að byggja upp slíka þjónustu á eigin vegum. Finna yrði rétt jafnvægi milli þess að þjóna gestum þjóðgarðsins á fullnægjandi hátt og að tryggja viðgang annarra aðila sem eru að byggja upp samskonar þjónustu í nágrenninu.

Fundarmenn sammála um að svæðisráðið taki málið fyrst til umfjöllunar. Það leggi fram hugmyndir um forgangsöröðun framkvæmda, grófar hugmyndir um nýtingu á rými í Skaftafelli, vægi á milli kjarnastarfsemi þjóðgarðsins og samkeppnisrekstrar og um áherslur um veru atvinnufyrirtækja í Skaftafelli. Lögð áhersla á að í þeirri vinnu verði m.a. unnið út frá deiliskipulagi fyrir Skaftafell, stjórnunar- og verndaráætlun og nýlegum styrkúthlutum til uppbyggingar í Skaftafelli. Stjórn þjóðgarðsins tæki síðan við boltanum eftir að svæðisráð hafi fjallað um málið.

## 3. Næsti fundur; ferð í Vonarskarð 9.-10. ágúst

Fundi slitið kl. 16:00.